

Bæjarráð - FW: Umsögn um frumvarp til laga um skipulag haf-og strandsvæða

Til : Hjördís Þráinsdóttir
Frá : Gísli Halldór Halldórsson
CC : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : Bæjarráð - FW: Umsögn um frumvarp til laga um skipulag haf-og strandsvæða
Málsnúmer : 2017040044
Málsaðili : Fjarðabyggð
Skráð dags : 26.05.2017 10:32:26
Höfundur : Gísli Halldór Halldórsson

Viðhengi [Drög Frumvarp um skipulag haf og strandsvæða. umsögn FV.pdf](#)[Drög Frumvarp um skipulag haf og strandsvæða. umsögn FV.pdf](#)
[Bréf til umhverfisráðherra um frv. um skipulag haf- og strandsvæða.pdf](#)[Bréf til umhverfisráðherra um frv. um skipulag haf- og strandsvæða.pdf](#)
[Umsögn til UAR 2016.pdf](#)[Umsögn til UAR 2016.pdf](#)

From: Aðalsteinn Óskarsson [mailto:adalsteinn@vestfiridir.is]
Sent: 26. maí 2017 09:01
Subject: FW: Umsögn um frumvarp til laga um skipulag haf-og strandsvæða

Stjórn FV og framkvæmdastjórnar fiskeldissveitarfélaga á Vestfjörðum.

FV mun skila umsögn um þetta frumvarp. Hér er ákveðin lína sem teiknaðist upp á fundi á Reyðarfirði þann 17 maí s.l. sem haldinn var í framhaldi af málþingi SSA og Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga um skipulag haf og strandsvæða. Meðfylgjandi eru umsagnir Sambandsins og FV þegar drög að frumvarpinu voru lögð fram í nóvember s.l., hér er síðan þingskjalið sem hægt að sækja á vef Alþingis:
<http://www.althingi.is/altext/146/s/0539.html>

Vildi fá ykkar álit á þetta upplegg og eins hvort ykkar sveitarstjórnir ætli að skila inn umsögn. Ég verð í frú frá hádegi 1. júní og fram yfir hvítasunnuhelgina, þannig að gott væri að fá ykkar viðbrögð strax eftir helgi.
kv
Aðalsteinn

From: Guðjón Bragason [mailto:guðjon.bragason@samband.is]
Sent: 19. maí 2017 11:23
To: Linda Margrét Sigurðardóttir <linda@eything.is>; Aðalsteinn Óskarsson <adalsteinn@vestfiridir.is>
Cc: 'Pétur Þór Jónasson' <eything@eything.is>; Aðalsteinn Óskarsson <adalsteinn@vestfiridir.is>; Björg Björnsdóttir (ssa@ssa.is) <ssa@ssa.is>
Subject: RE: Umsögn um frumvarp til laga um skipulag haf-og strandsvæða

Heil og sæl Linda,

Ég verð tilbúinn með drög að umsögn í næstu viku. Áherslur sambandsins verða líklega svolítið á sömu nótum og meðf. bréf til ráðherra frá bæjarstjórn sem hafa látið sig málið varða undanfarið. Einkum þá þannig að sveitarfélögin vilja fá löggjöf um skipulag haf- og strandsvæða en telja neitunarvald ráðherra skv. niðurlagi 5. gr. vera vont ákvæði. Jafnframt að skoðað verði frekar hvort sveitarfélög geti tekið að sér að vinna sjálf strandsvæðaskipulag (áhersla Fjarðabyggðar), frekar en að vera eingöngu þátttakendur í skipulagsferlinu.

Það var haldið málþing á Reyðarfirði sl. miðvikudag og hægt er að horfa á erindi á því [hér](#). Ykkar maður á svæðinu

var Þröstur Friðfinnsson og tók hann líka þátt í fundi sem haldinn var að loknu málþinginu, þar sem rætt var um áherslur gagnvart lagasetningunni.

Heyrumst betur í næstu viku.

Sendi afrit á Aðalstein Óskarsson, sem veit allt um málið og var fulltrúi sambandsins í frumvarpsvinnunni, og einnig Björgu Björnsdóttur hjá SSA, sem mun örugglega einnig vinna umsögn um málið.

F.h. sambandsins,
Guðjón Bragason